Einar Már Guðvarðarson

# lífræna – vélræna
# *organic – mechanic*

Gestur: Bjarne Lönnroos

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
*Reykjavík Art Museum – Harbour House*
október–nóvember 2001



# Inngangur

Tilveran, eins og við mennirnir skilgreinum hana, er lífræn í eðli sínu. Líf kviknar, það vex og þroskast, því hnignar og það deyr. Slík er hringrás náttúrunnar, og við sjáum hana í öllu í kringum okkur. Í hvort öðru; við fæðumst, döfnum, deyjum. Í náttúrunni; árstíðirnar ráða lífi og dauða, náttúruöflin skapa líf og umhverfi, sem síðan veðrast og hverfur. Utan jarðarinnar virðast gilda sömu lögmál; einstakir heimar og stjörnukerfi verða til, þroskast, þeim hnignar og hverfa að lokum. Allt bendir til hið sama gildi um alheiminn sjálfan; hann varð til með Stóra hvelli, og hann mun að hverfa í andhverfu þess viðburðar.

Þrátt fyrir að öll okkar vísindi hafi leitt mannkynið til þessarar niðurstöðu, læðist að okkur sá grunur – ótti eða von – að það sé eitthvað til sem standi utan við þetta ferli. Sá grunur kemur fram í voninni um eilífðina að loknu jarðlífinu; hann kemur einnig fram í ótta okkar við vélina - að tæknin verði eilíf, að hið vélræna taki við, þar sem hin lífræna tilvera rennur út í sandinn.

Hugleiðingar listamanna um hinar stóru spurningar verða oft tilefni þeirra bestu listaverka. Einar Már Guðvarðarson hefur skapað einfalda og hljóðláta innsetningu, sem vísar til þessara mikilvægu hugleiðinga, og boðið vini sínum Bjarne Lönnroos að deila með sér sýningu um hið lífræna, hið vélræna og stöðu mannsins í tilverunni.

Listasafn Reykjavíkur býður þá velkomna með þessa sýningu í Hafnarhúsið.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður.

# Introduction

Existence, as mankind has defined it, is organic by nature. Life is created, it grows and matures, it decays and it dies. Such is the cycle of nature, and we see it in everything around us. In each other; we are born, prosper, and die. In nature; the seasons rule life and death, the forces of nature create life and an environment that in turn erodes and disappears. Beyond Earth, the same laws seem to apply; worlds and galaxies are created, mature, decay and vanish in the end. Everything indicates that the same holds true for the universe itself; it was created in the Big Bang, and it will disappear in the reversal of that event.

In spite of the fact that all our science has led mankind to this conclusion, we still have the sneaking suspicion - fear or hope – that there is something outside of this scenario. That suspicion is apparent in the hope for an eternity to follow our earthly life; it is also seen in our fear of the machine – that technology will become eternal, that the mechanical will take over, where organic existence tapers off.

Artists' reflections about the immense questions often lead them to their best works. Einar Már Guðvarðarson has created a simple and quiet installation, that refers to these considerations, and has invited his friend, Bjarne Lönnroos, to share with him an exhibition on the organic, the mechanical and the place of mankind in the whole of existence.

The Reykjavík Art Museum bids them welcome to the Harbour House with this exhibition.

Eiríkur Thorláksson,
Director.

## lífræna – vélræna

Í hverju er líf, hvað kemur lífinu við, hvað snertir lífið, hvað er líklegt til að vera?
Það sem varðar vél, minnir á vél, líkist starfsemi vélar, vélgengur; vélræn hugsun!

*hlutskipti*
að vera maður í lífrænum heimi
að vera maður í vélrænum heimi
að vera hluti af náttúrunni
og jafnframt aðgreindur frá henni
að vera til staðar og fjarverandi í senn

*mótun*
eins og hafið mótar landið
eins og lífið mótar manninn
eins og mennirnir móta heiminn

*sýnd – reynd*
viðhorfin um hlutinn eru eins og skuggar hans
það er undir ljósgjafanum komið
hvernig þeir birtast
..........
staðfastir og varanlegir eins og klettar
hverfulir og flöktandi eins og hafið

*táknmyndir*
eftir standa táknmyndir sammannlegra athafna
til að spegla okkur í
minna okkur á hver við erum

*tími*
tikk-takk tímans
er í hjarta okkar sjálfra

Ljósaklifi í september 2000,
Einar Már Guðvarðarson

## organic – mechanic

Where is life, what has to do with life, what is probable to be?
What's to do with a machine, looks like a machine, mechanic, mechanic thought!

*fate*
to be a man in an organic world
to be a man in a mechanic world
to be part of nature
while at the same time distinct from it
there and away at the same moment

*figuration*
as the sea forms the land
as life forms man
as men form the world

*display – fact*
attitudes towards an object are like its shadows
it depends on the lighting
how they appear
..........
unwavering and permanent like rocks
transient and lambent like the sea

*images*
images of human actions remain
for us to mirror in
reminding us of who we are

*time*
tick-tock of time
is in our hearts

Ljósaklif, September 2000,
Einar Már Guðvarðarson

## lífræna – vélræna

*Alvarlegur ásetningur*
Á sambærilegan hátt og ýmsar lífverur eru forritaðar til að hegða sér á vélrænan hátt við viss skilyrði og í ákveðnum aðstæðum eru þessi þrjú granítform gerð til að bregðast við og hegða sér á lífrænan hátt við viss skilyrði í ákveðnum aðstæðum.

*Einlæg spurning*
Getur myndband af gáruðu og úfnu hafi sem er varpað á þessa tvöhundruð milljón ára gömlu granítsteina umbreytt þeim eins og sjálft hafið umbreytir landinu?

*Ógnvænlegur draumur*
Draumurinn um þvottavélina sem fjölgar sér eins og hver önnur lífvera er ekki svo fjarlægur. En þar sem hún hefði þá sérstöðu að geta nærst á öllu efni er hættan á offjölgun og útrýmingu annarra tegunda einnig til staðar.

Njótið vel og helst lengi,
Eina Már Guðvarðarson

## organic – mechanic

*A serious intention*
In the same way as some species are programmed to behave in a mechanical way under certain conditions and in a particular set of circumstances, these three granite structures are made to react in a organic way under certain conditions and in a particular set of circumstances.

*A sincere question*
Can a video of a wavy and foaming ocean, which is projected onto these two-hundred-million-year-old granite rocks, change them as the ocean itself changes the land?

*An ominous dream*
The dream of the washing machine that breeds like any other species is not so distant. But since it would have the unique position of being able to draw nourishment from all matter, the danger of overpopulation and the extermination of other species is also present.

Enjoy well and, preferably, long,
Einar Már Guðvarðarson



Ég ætla að taka upp þráðinn þar sem honum sleppti; lof mér að segja hvernig það er að vera, í hvorugu tveggja herbergja, heldur inni í veggnum sem skilur þau að.

Að mér herðir hugarvíl og ég fæ ekki sofið. Vandi minn: Ég get ekki skilgreint tilvist mína. Ég velti því fyrir mér hvort það sé kannski þannig að ég sé á öðru tilverustigi ... eða einhvers staðar á milli, eins og inni í veggnum en ekki í herbergi með öðru fólki. Atvik gerast, fólk heilsast og kveður. Það kemur mér ekki við, þetta svið lífsins og annarra. Ég er ekki í herberginu, og ég er ekki viss um að það angri mig á nokkurn hátt.

Ég er bara til hér, inni í veggnum.

Alkunna er að hljóð eru hluti af hverju herbergi. Veggir bara bergmála. Og ég, inni í veggnum, greini aðeins þokukenndan, fjarlægan óminn.
Af hverju er mögulegt að vera svona; svo fjarlægur, samt hér. Þessi sljói varanleiki og meyr flöturinn sem umlykur mig heldur mér föstum – ég get mig hvergi hrært. Ég hef sameinast fletinum sem skilur að. Enginn leitar að mér. Og hvað ef einhver gerði það! Þau leita alltaf röngu megin hvort eð er.
Samt, eitthvað gerist, tíminn er nú. Ég skil ekki hvað það er, en með tilliti til tímans er ég þátttakandi... en raunverulegir atburðir ná ekki inn í vegginn. Þetta endalausa prjál, þreytandi hönnun, hlutir sem því miður eru á réttum stað. Allt þetta, upp við mig. (Eins og mér sé ekki sama).

Ég gæti auðvitað gert tilraun til að tengjast, gert tilraun til efnisleysis í stað þess að hrærast í rýminu. Gæti það jafnvel verið, að endalausar afleiðingar fylgi ekki endilega hverri athöfn ... þess í stað væri eitthvað uppspunnið ástand sem maður festist í. Í fjötrum blekkinga, utan allra herbergja, en milli tveggja.

Bjarne Lönnroos

I want to pick up from where I left; let me tell what it is like to be, neither in one room nor the other, but within the wall that separates the two rooms.

My mind has been troubled and I have spent sleepless nights. My problem I: I cannot define my existence. I wonder if it can be so that I exist somewhere beyond ... or in between, like in the wall, but not really present in the room with other people. Things happen, people meet and depart. It does not concern me, that stage of life and people. I am not in the room, and I am not sure if it really even bothers me at all.

I only exist here, within the wall.

As we know, sounds are part of any given room. Walls are only reflecting echoes. I, within the wall, can only receive unclear, distant tones.
How is it possible, to be like this, so absent yet here. This dull permanence and the smooth surface around me keep me still, I cannot move. I have become one with the surface that separates. Nobody is looking for me. And what if someone did! They always look from the wrong side anyway.
Still, things do happen, the time is the present. I can't understand what is going on, but time wise I am a part of it... But actual evens don't reach into the wall. All the endless decoration, the boring design, objects sadly situated in their right positions. All that against me. (As if I would even care).
I could certainly make an effort to get connected, try to show not spatial but immaterial actions. Could it even be, that every action is not followed by endless consequences... Instead there would be an unreal stage where one gets stuck. In the prison of illusions, outside any room but between two.

Bjarne Lönnroos

## Einar Már Guðvarðarson

f./b. 1954
Ljósaklif, 220 Hafnarfjörður, Iceland
+ 354 -555 0535
lightcliff-art@islandia.is

Nám/Studies
1979 B.Ed. frá KHÍ/Iceland's Teachers College,
1980–1981 Kvikmyndafræði/Film Studies, Copenhagen University,
1981–1982 Kvikmyndun/Filmmaking, Arnold Eagle/New School, New York.
1985–1990 Höggmyndagerð/Stone Sculpture, Mani, Greece,
Námsferðir til/Study-trips to Greece, Italy, New Zealand and Japan.

Valdar einksýningar/Selected Private Exhibtions.
1984 Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
1985 Daruma, Art Center, Copenhagen, Denmark.
1992 Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
1994 Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
1996 Gallerí Sævars Karls, Reykjavík, Iceland.
1997 Bispegaarden, Cultural Center, Kalundborg, Denmark.
1998 The vision Factory, Copenhagen, Denmark.
1999 Listasafn ASÍ, Reykjavík , Iceland.
2000 Postelli Gallery, Kankaanpaa, Finland.
2001 Listasafn Reykjavíkur-Hafnarhús, Reykjavik, Iceland.

Valdar samsýningar/Selected Group Exhibitions.
1984 Fælledparkens skulpturudstilling, Copenhagen, Denmark.
1994 List gegn vímu, Hafnarhúsið, Reykjavík, Iceland.
1995, Englar og erótík Listhús 39, Hafnarfjörður, Iceland.
1997 Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
1999 Gallerí Sævars Karls, Reykjavík, Iceland.
2000 70 ára Afmælissýning Búnaðarbankans, Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
2000 Hand - Spirit - Stone - Air, Helsinge, Denmark.

Verk í opinberri eigu / Main works in public collections.
Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland.
Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík, Iceland.
Helsinge Commune, Ramløse, Denmark.
Kankaanpää, Finland.
Hafnarfjarðarbær, Iceland.
Gilgit, Hunza, N-Pakistan.
Kalundborg Art Collection, Kalundborg, Denmark.
Finnish Presidental Residenc, Helsinki, Finland.
Búnaðarbankinn, Reykjavík, Iceland.
Sparisjóður Hafnarfjarðar, Hafnarfjörður, Iceland.
Kaþólska kirkjan, Hafnarfjörður, Iceland.

## Bjarne Lönnroos

f./b. 1959
Merikorttitie 1 C 173
00960 Helsinki
Finland

Nám/Studies.
1988 Art School Paletten, Stockhom.
1993 Griffith University,Brisbane Australia. BFA.
1996 Academy of Fine Arts, Helsinki. MFA.

Valdar einkasýningar / Selected Private Exhibitions.
1993 The Mesure of Thought. Museum of Contemporary Art, Helsinki.
1995 After the Words – installation. Hakaniemi Metro Station, Helsinki.
1998 Le regard mobile. Gallery of Cité internationale des arts, Paris.
1999 Works 1995-1998. Akros-galerija, Vilnius, Lithuania.
2000 Prays-installation. The Curch of Holy Trinity, Vilnius, Lithuania.

Valdar samsýningar / Selected Group Exhibitions.
1995 Mänttä Art Weeks, Finland.
1998 MuuMediaFestival. Kiasma, Kaapelitehdas, Helsinki.
2000 Over the Borderline. Baranya, Hungary.
2000 Rumour 2000. Lappeenranta, Finland.

Verk í opinberri eigu / Main works in public collections
Porvoo Hospital.
Helsinge kommun, Denmark.
The City of Helsinki.
Helsinki City Art Museum.
Hungarian Association of Artists, Budapest.
Kiasma, Museum of Contemporary Art Helsinki.
City of Porvoo.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík:
Guðrún Jónsdóttir, formaður/chair. Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Valgerður Bergsdóttir og Tryggvi Baldvinsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of Reykjavík Art Museum: Eiríkur Þorláksson.
Kynningarstjóri / PR: Soffía Karlsdóttir
Ljósmyndun / Photography: Kristján Pétur Guðnason.
Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson og Skjal.
Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production: Ágústa Kristófersdóttir
Umbrot og prentun / Layout and printing: Grafík h.f.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

*Aðalsamstarfsaðili* Íslandssími